Börkur Sigurbjörnsson

# Blinda

örsaga

Urban Volcano

Blinda

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

**http://urbanvolcano.net/**

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



# Blinda

Ég fletti síðustu blaðsíðunni og lagði bókina frá mér. Ég hafði notið þess að lesa *Blindu* eftir José Saramago. Það var langt síðan ég hafði lifað mig jafn rækilega inn í söguþráð. Um áraraðir hafði ég ekki fundið til jafn mikillar samúðar með sögupersónunum. Ég var einn af þeim.

Ég leit í kringum mig í stofunni. Allt var hvítt — eins og hulið einsleitri rjómahvítri þoku. Ég veit ekki á hvaða blaðsíðu það gerðist, en það hafði gerst. Ég hafði sjálfur blindast.

## Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)
Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)
52 augnablik, örsagnasafn (2017)
999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson
Urban Volcano